

Tillaga til þingsályktunar

um bættu skráningu nafna í þjóðskrá.

Flm.: Sigurjón Þórðarson.

Alþingi ályktar að fela ráðherra Hagstofu Íslands að ráða bót á því að löng nöfn skuli ekki vera skráð í þjóðskrá fullum stöfum.

Greinargerð.

Tillaga þessi var áður flutt á 130. löggjafarþingi. Hér er því beint til ráðherra Hagstofu Íslands að finna lausn á því að löng nöfn skuli ekki vera skráð í þjóðskrá fullum stöfum. Nú er það svo að hvert skráð nafn má einungis taka 31 stafbil. Fjöldmörg íslensk nöfn sem teljast ekki óvenjuleg á nokkurn hátt, til dæmis nafnið Sigríður Kristbjörg Sigurðardóttir, eru of löng til að uppfylla þessi ströngu skilyrði.

Ef vilji er fyrir hendi hlýtur að vera unnt að finna tæknilega lausn á þessum skráningarvanda svo að fólk sem heitir löngum nöfnum, jafnvel þremur fornöfnum, sem er ekki óalgengt, fái nöfn sín skráð rétt í þjóðskrá.